

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,
um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði.

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 250° réttvísandi frá Skorarvita, frá og með 13. apríl til og með 30. apríl 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. apríl 1995.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.